

Sjómannalíf Kiplings

Rudyard Kipling: Sjómanna-
líf. Skáldsaga. Þorsteinn
Gíslason þýddi. Þriðja útgáfa.
Akranessútgáfan. Prentverk
Akraness 1951.

ENSKA STÓRSKÁLDIÐ
Rudyard Kipling lagði gerva
hönd á flestar tegundir rit-
mennsku. Hann var á yngri ár-
um snjall blaðamaður, en gerð-
ist síðan affragðs ljóðskáld,
skáldsagna- og smásagnahöfund
ur. Einnig ritaði hann margar
bækur, sem einkum voru ætlað
ar unglingum. Öðluðust þær að
verðleikum óhemju vinsældir,
hafa verið þýddar á fjölmörg
tungumál og eru bráðlifandi
æskulýðsbókmenntir enn í dag.
Kipling kunni allra manna best
að segja sögu. Bækur hans eru
barmafullar af ólgandi lífi og
viðburðum.

Þorsteinn ritstjóri Gíslason
mun hafa orðið einna fyrstur Ís-
lendinga til að kynna löndum
sínum Rudyard Kipling. Þýddi
hann og birti í blaði sínu, Lög-
réttu, söguna Sjómannalíf, og
gaf hana síðan út sérprentaða
1907. Sagan varð þegar mjög
vinsæl hér á landi, eigi aðeins
meðal unglinga, sem hún er
einkum sniðin fyrir, heldur
skemmti hún og mörgum fl-
orðnum. Er það aðalsmerki góðra
æskulýðsbókmennta, að þær
veita ánægju öllum, sem gaman
hafa af vel sagðri sögu.

Árið 1943 kom hin snjalla þýð-
ing Þorsteins Gíslasonar á Sjó-
mannalífi út í annari útgáfu. Átti
sagan engu minni vinsældum að
fagna þá en áður, enda seldist
hún aftur upp á skömmum tíma.
Í fyrri var sagan lesin í útvarps
tíma barnanna og ráði sem fyrr
föstum tókum á æskulýðnum.
Nú er Sjómannalíf komið út í
þriðju útgáfu og skipar eigi síð-
ur en áður veglega í sess meðal
æskulýðsbókmennta. Mun sagan
enn geta flutt röskum drengj-
um holla skemmtun, því auk
þess sem hún er þrýðilega
sögð, flytur hún heilbrigðan boð-
skap og karlmanalegan. Dreng-
urinn Harvey, eftirlætisbarn
auðugra foreldra, sem aldrei hef-
ur dýft hendi í kalt vatn, lendir
af furðulegri tilviljun hjá
hraustum og duglegum fiski-
mönnum, sem kenna honum að
vinna hörðum höndum. Hann
lendir í mörgum ævintýrum á
sjónum, kynnist þróttmikla og
heilbrigðu lífi stritandi manna,
losnar við kveifarskap allan,
dafnar og þroskast til sálar og
líkama. Hann eignast einlæga
og falslausa vini meðal fiski-
mannanna, þolir m.ð þeim súrt
og sætt og hverfur að lokum
heim til foreldra sinna fullur
þróttar og starfsgleði. — Slikar
unglingabækur sem þessi hafa
bæði skemmti- og upplýðisgildi.
Gís Guðmundsson.

Sannleikur kristin- dómsins.

SMÁKVER er að koma út
með ofangreindu nafni. Innihald
kversins er trúvarnarrit-
gerð eftir Helga Hálfðánarson,
fyrirverandi forstöðumann
prestaskólans.

Er þetta önnur prentun.

Höfundur svarar í grein þess-
ari eftirfarandi spurningum:
Er vissa fyrir því, að Jesús hafi
verið til? Er vissa fyrir því, að
guðspjöllin séu eignuð réttum
höfundum? Er vissa fyrir sann-
sögli lærisveina Jesú? Er vissa
fyrir sannsögli Jesú?

Útgáfu þessari fylgja eftir-
farandi orð:

Ritgerð þessi var löngu
orðin ófáanleg. Hún er nú meira
en hálfra aldar gömul. En svo
merkileg er hún, að sjálfsagt
þykir, að þeir menn geti átt

Öll fegurstu íslenzk söguljóð í einni bók

„Mér eru fornu minnin kær“



Menningar- og fræðslusamband alþýðu

Skínandi falleg útgáfa með úrvali úr íslenzk-
um söguljóðum eftir bestu ljóðskáld þjóðar-
innar nú og fyrrum.

18 listaverk eftir snillinga íslenzkrar mynd-
listar.

Þessi þjóðlega og fagra bók er þriðja og síð-
asta félagsbók okkar á þessu ári. — Bókin
kostar í bókabúðum 75.00.

FÓLKID Í LANDINU kostar 75.00 og 110.00
í skinni.

Félagar M.F.A. geta viljað bókarinnar

í dag og næstu daga í Garðastræti 17.

Garðastræti 17. — Sími 2864.

Söguljóðin „Mér eru fornu minnin kær“, ný bók frá MFA

Hún flytur söguljóð 23 íslenzkra skálda
á síðustu öld og þessari.

SÍÐASTA FÉLAGSBÓK MFA á útlíðandi ári er komin á
markaðinn. Hún er „Mér eru fornu minnin kær“, sem flytur
söguljóð eftir íslenzk skáld á 19. og 20. öld, skreytt myndum
eftir íslenzka listamenn. Skáldin, sem kvæði eiga í bókinni, eru
23 talsins, og er Sigurður Breiðfjörð þeirra elstur, en Tómas
Guðmundsson yngstur. Virðist engum vafa bundið, að bók
þessi sé líkleg til mikilla vinsælda meðal eldri sem yngri.

Höfundar kvæðanna í „Mér
eru fornu minnin kær“ eru:
Sigurður Breiðfjörð, Jónas
Hallgrímsson, Grímur Thom-
sen, Benedikt Gröndal, Matt-
hías Jochumsson, Stephan G.
Stephansson, Þorsteinn Er-
lingsson, Einar H. Kvaran,
Fornólfur, Hannes Hafstein,
Gestur, Einar Benediktsson,
Guðmundur Friðjónsson, Örn
Arnarsson, Jakob Thorarensen,
Stefán frá Hvítadal, Guðmund
ur Kamban, Jakob Jóh. Smári,
Davið Stefánsson frá Fagra-

skógi, Jón Magnúson, Jóhann-
es úr Kötlum, Jón Helgason og
Tómas Guðmundsson.

Listamennirnir, sem mynd-
skreytt hafa bókina, eru: Jón
Engilberts, Sigurður Sigurðs-
son, Ásgerður Ester Búadóttir
og Gunnlaugur Scheving.

„Mér eru fornu minnin kær“,
er 240 bláðiður að stærð,
prentuð í Víkingsprenti.

Nýtt hefti af Kyndli komið út

KYNDILL, tímarit ungra
jafnaðarmanna, nóvember- og
desemberheftið er komið út. Af
efni blaðsins má nefna: Æsku-
menn, hvað kallar? grein eftir
Jón Marínó Samsonar, Nokkr-
ar hugleiðingar eftir brezku
kosningarnar, Hvers vegna er
ég jafnaðarmaður? eftir Albert
Magnússon, Þegar við giftum
okkur ... fyrstu spörin í
hjónabandinu eru hin þýðing-
armestu, Á við og dreif, viðtal
við keflvíska húsmóður, Jafnað-
armenn samtíðarinnar: Leon

Þiðriks saga af Bern komin aftur til Íslands

Guðni Jónsson bjó hana til prentunar.

ÍSLENDINGASAGNAÚTGÁFAN hefur gefið út Þiðreks
sögu af Bern og Guðni Jónsson magister búið hana til prent-
unar. Er þetta í fyrsta sinn, sem þessi skemmtilega og merki-
lega saga er gefin út á Íslandi, en hin nánú tengsl hennar við
íslenzkar bókmenntir benda eindregið til þess, að söfnun henn-
ar og samning sé verk íslenzks anda og handar.

Þiðreks saga er líklega rituð
á fyrri hluta 13. aldar. Hún er
alþekkt orðin á Íslandi seinni
hluta aldarinnar. Áhrifa hennar
gætir mjög í íslenzkum fornþók-
menntum t. d. í Völusunga sögu
og Ragnars sögu loðbrókar;
Mágus sögu eldri, sem rituð er
á ofanverðri 13. öld, og þó meira
í yngri gerð hennar. Formáli
Þiðreks sögu er notaður í Ólafs
sögu Tryggvasonar eftir Odd-
munk (í íslenzku handriti frá
byrjun 14. aldar). Tengsl eru
og milli Þiðreks sögu og ýmissa
Íslendingasagna og Snorra-
Eddu, t. d. Laxdælu, Víga-
Glúmssögu, Eyrbyggju og
Grettis sögu.

Til eru þrjú handrit af Þið-
reks sögu, eitt skinnhandrit, er
vantar upphaf og endi auk all-
margra blaða hér og þar innan
úr henni, og er það geymt í kon-
unglegu bókhöðunni í Stokk-
hólmi, og tvö pappírs handrit í
Árnasafni, er geyma söguna
alla. Hér á landi hefur sagan
týnzt, þótt margir núlifandi
menn minnst þess að hafa
heyrst hana. En nú er hún komin
aftur til Íslands.

Jouhaux, Norrænt samstarf og
viðhorfið til Bandaríkjanna,
viðtal við Hans Hedtoft og fl.

Tveggja íslenzkra sjómanna saknað

TVEGGJA íslenzkra sjó-
manna er nú saknað af skipum
þeim, er þeir voru á. Hvarf ann-
ar maðurinn af Tröllafossi er
hann var síðast í New York, en
hin maðurinn er af m.s. Haf-
borgu, er legið hefur við Æg-
isgarð í Reykjavík.

Skipverjinn af Tröllafossi
heitar Jón Gunnar Jónsson, til
heimilis að Skólavörðustíg 40.
Hvarf hann af skipinu í New
York 30. nóvember. Ræðismað-
ur Íslands í New York hefur
skýrt Eimskipafélaginu frá því,
að íslenzk stúlka í New York
telji sig hafa séð Jón Gunnar á
götu þar í borg eftir að hans
var saknað af skipinu.

Félagar Kjartans Guðmunds-
sonar frá Ísafirði segjast hafa
séð Kjartan síðast um kl. 3 síð-
degis á laugardag s.l. og hafi
hann þá legið í koju sinni um
borð í skipinu, en þar höfðu
þeir félagar búið um nokkurn
tíma. Var Kjartans saknað þá
um kvöldið kl. 6 og hefur ekk-
ert til hans spurzt síðan.